


LUBBI FINNUR MÁLBEIN

Handbók



Akraneskaupstaður



Um Lubba efnið

Lubbi er íslenskur fjárhundur sem langar að læra að tala. Til þess að gera það þá þarf hann að læra öll íslensku máhljóðin. Hann veit að þegar hann hefur lært þau öll losnar um málbeinið og hann getur leyst frá skjóðunni. Hann hefur örugglega frá mörgu að segja.

Sérstaða Lubbaefnisins

- Lubbaefnið er byggt á hnitmiðaðri rannsóknar- og þróunarvinnu höfunda til margra ára.
- Notkun táknrænna hreyfinga fyrir hvert máhljóð gerir hljóðin nánast sýnileg og ápreifanleg.
- Táknrænu hreyfingarnar eru íslensk hugsmíði höfunda og hafa mikla sérstöðu þegar tekið er mið af sambærilegu efni í alþjóðlegu samhengi.
- Byggt er á „hljóðanámi í þrívídd“ hugmyndafræðilegri nálgun sem höfundar hafa þróað og felur í sér samþættingu skynleiða; sjón-, heyrn- og snertiskyns sem auðveldar og hraðar tileinkun hljóðanna og vistun þeirra í minni.
- Áherslur á brúarsmíð á milli máhljóða og bókstafa með stuðningi táknrænu hreyfinganna. Lubbi er sannkallaður brúarsmiður.
- Sérstök áhersla er á hljóðavitund sem liggur til grundvallar umskráningu sem er forsenda lestrafærni
- Áhersla á hljóðtenginu með stuðningi málbeina.
- Tengsl við íslenska náttúru og staðhætti
- Vísur fyrir hvert máhljóð eftir Þórarinn Eldjárn

Verklag

- Kynna Lubba fyrir foreldrum – setja kynningarblaðið fyrir utan deildina – setja kynningu inn á Fb síður árgangsins.
- Athuga með mynd – nafn – Lubba táknið fyrir hvert barn fyrsta staf í nafni.
- Hver árgangur á sína Lubbahandbók.
- Fara yfir Lubba efnið og undirbúa.
- Hafa allt tilbúið í körfu árgangsins.
- Nota boðskipta reglur Bínu.
- Lubbastundir er best að hafa á stað þar sem er gott næði. Gott er að nýta rýmið vel og færa sig um í herberginu eftir því hvað er verið að vinna með t.d. sitja við borð, sitja á mottu ofl.
- Handbókin er lifandi skjal. Aftast í hverri handbók er hægt að skrifa hugmyndir sem kvikna í vinnunni með börnunum.

30.4.2020

Að handbókarvinnunni komu Ásta Huld, Ásta Sæunn, Berglind, Ella Þóra, Harpa, Heiðrún, Kolbrún, Katrín, Margrét Inga,

Uppsetning og prófarkarlestur og Katrín Ingibjörg Barðadóttir

